

Tilgangur

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

Framtíðarsýn 2, kt. 580299-6369, er rekin af Gildi lífeyrissjóði. Hægt er að hafa samband í síma 515-4700 eða heimsækja vefsíðu Gildis lífeyrissjóðs, www.gildi.is, til þess að afla frekari upplýsinga. Gildi lífeyrissjóður starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Dagsetning upplýsingaskjals: 5. apríl 2024.

Þú ert að kaupa afurð sem er flókin og erfitt gæti verið að skilja

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund

Framtíðarsýn 2 er ein þriggja fjárfestingarleiða séreignardeilda Gildis lífeyrissjóðs. Fjárfestingar leiðarinnar eru í innlendum og erlendum hlutabréfum, skuldabréfum og innlánum. Fjárfestingarstefna leiðarinnar er uppfærð árlega en fyrir árið 2024 er miðað við að 80% eigna (má vera á bilinu 70-90%) séu í skuldabréfum og innlánum og 20% eigna (má vera á bilinu 10-30%) séu í hlutabréfum. Miðað er við að vægi eigna í erlendri mynt sé 18% (má vera á bilinu 5-45%).

Líftími

Sjóðurinn er opinn sjóður og hefur enga lokadagsetningu.

Markmið

Markmið Framtíðarsýnar 2 er að ávaxta fjármuni sjóðfélaga í samræmi við fjárfestingarstefnu með hliðsjón af hagfelldustu kjörum sem í boði eru á hverjum tíma að teknu tilliti til áhættu. Á innlendum markaði er heimild til fjárfestinga í hlutabréfum, ríkistryggðum skuldabréfum, skuldabréfum banka/sparisjóða, sveitarfélaga og fyrirtækja, veðskuldabréfum, innlánum og afleiðum að takmörkuðu leyti. Á erlendum markaði er heimilt að fjárfesta í hlutabréfum, skuldabréfum, skammtímasjóðum, innlánum og afleiðum að takmörkuðu leyti. Fjárfestingar geta bæði verið beint í fjármálagerningum eða óbeint í gegnum sjóði. Ávöxtun leiðarinnar ákvarðast út frá ávöxtun undirliggjandi eigna að teknu tilliti til kostnaðar.

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Fjárfestingarleiðin er aðallega hugsuð fyrir þá sem geta setið af sér þær sveiflur sem alla jafna verða í ávöxtun hlutabréfa og skuldabréfa á innlendum og erlendum mörkuðum. Hún gæti verið óhentug fyrir fjárfesta sem hyggjast fjárfesta til skemmri tíma en 5 ára.

Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun get ég fengið?

Áhættuvísir

Samantekinn áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Hann sýnir hversu líklegt er að afurðin muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum eða vegna þess að við munum ekki geta greitt þér.

Þessi afurð hefur verið flokkuð með áhættuvísinn 2 af 7, þ.e.a.s. lágur áhættuflokkur. Áhættuflokkunin byggir á sögulegum gögnum og þarf ekki að endurspegla framtíðaráhættusnið afurðarinnar. Þetta metur hugsanlegt tap af framtíðarárangri leiðarinnar með lágu stigi og ekki er líklegt að slakar markaðsaðstæður hafi áhrif á getu Gildis lífeyrissjóðs til að greiða þér. Þessi afurð felur ekki í sér vernd gegn framtíðarárangri markaðarins svo að þú gætir tapað allri fjárfestingu þinni. Sparnaðurinn er bundinn þar til ákveðin skilyrði eru uppfyllt eins og útskýrt er nánar að neðan.



Árangurssviðsmyndir

Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa en ekki endilega allan þann kostnað sem þú greiðir ráðgjafa þínum eða dreifingaraðila. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar sem getur einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka. Hvað þú munt fá fyrir þessa afurð er háð framtíðar markaðsframmistöðu. Markaðspróun í framtíðinni er óviss og ekki hægt að spá fyrir um af nákvæmni. Óhagstæðu, hóflegu og hagstæðu sviðsmyndirnar sem eru sýndar eru framsetning á versta, meðaltals og besta árangri af afurðinni síðustu 10 ár. Markaðir gætu átt eftir að þróast með allt öðrum hætti í framtíðinni. Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður.

Sviðsmyndir		1 ár	5 ár (Ráðlagður fjárfestingartími)
Álagssviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	82.721 kr.	447.361 kr.
	Meðalávöxtun á hverju ári	-17,28%	-3,69%
Óhagstæð sviðsmynd ^{1, 2}	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	96.183 kr.	595.896 kr.
	Meðalávöxtun á hverju ári	-3,82%	5,91%
Hófleg sviðsmynd ^{3, 4}	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	107.179 kr.	621.528 kr.
	Meðalávöxtun á hverju ári	7,18%	7,34%
Hagstæð sviðsmynd ^{5, 6}	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	113.096 kr.	656.270 kr.
	Meðalávöxtun á hverju ári	13,10%	9,21%
Fjárfest fjárhæð til lengri tíma		100.000 kr	500.000 kr

1. Óhagstæð sviðsmynd, 1 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu mars 2022 til mars 2023.
2. Óhagstæð sviðsmynd, 5 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu nóvember 2018 til nóvember 2023.
3. Hófleg sviðsmynd, 1 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu maí 2021 til maí 2022.
4. Hófleg sviðsmynd, 5 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu janúar 2015 til janúar 2020.
5. Hagstæð sviðsmynd, 1 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu mars 2020 til mars 2021.
6. Hagstæð sviðsmynd, 5 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu nóvember 2016 til nóvember 2021.

Hvað gerist ef Gildi lífeyrissjóður getur ekki greitt út?

Þú getur orðið fyrir fjárhagstjóni ef Gildi lífeyrissjóður, Framtíðarsýn 2, getur ekki greitt út séreignasparnaðinn í heild eða hluta til þín, en það veltur einkum á ávöxtun og seljanleika eigna fjárfestingarleiðarinnar. Þar sem Framtíðarsýn 2 er verðbréfaeild myndi slíkt fjárhagstjón almennt ekki falla undir tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta skv. lögum nr. 98/1999.

Hver er kostnaðurinn?

Lækkun á ávöxtun sýnir hvaða áhrif heildarkostnaður sem þú greiðir mun hafa á ávöxtun sem þú kannt að fá af fjárfestingunni. Í heildarkostnaði er tekið tillit til staks kostnaðar, viðvarandi kostnaðar og aukakostnaðar.

Fjárhæðirnar sem eru sýndar hér eru uppsafnaður kostnaður afurðarinnar sjálfar í eitt, þrjú og fimm ár. Í þeim felast hugsanleg viðurlög vegna snemmbærrar útgöngu, sem eiga þó ekki við í tilfelli þessarar afurðar. Tölurnar gera ráð fyrir að þú fjárfestir 100.000 kr. á hverju ári. Tölurnar eru áætlaðar og þær geta breyst í framtíðinni.

Kostnaður yfir tíma

Tölurnar sýna fjárhæðirnar sem teknar eru af fjárfestingu þinni til að standa straum af mismunandi tegundum kostnaðar. Þessar fjárhæðir eru háðar því hversu mikið þú fjárfestir, hve lengi þú átt afurðina og hvernig afurðin stendur sig. Fjárhæðirnar sýndar hér eru framsetningar sem byggja á dæmum um fjárfestingarfjárhæð og mismunandi möguleg fjárfestingartímabil.

Gengið er út frá því að á fyrsta ári munir þú fá til baka fjárhæðina sem þú fjárfestir (0% ársávöxtun). Fyrir önnur fjárfestingartímabil er gengið út frá árangri af afurðinni eins og sýnt er í hóflegu sviðsmyndinni.

Fjárfesting á ári: 100.000 kr.	Ef þú selur eftir:	
	1 ár	5 ár
Heildarkostnaður	487 kr.	8.234 kr.
Áhrif á ávöxtun á ári*	0,49%	0,49%

*Þetta sýnir hvernig kostnaður dregur úr ávöxtun þinni á hverju ári yfir fjárfestingartímabilið. Til dæmis er sýnt að ef þú gengur út við lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins er meðalávöxtun þín á ári áætluð vera 7,8% fyrir kostnað og 7,3% eftir kostnað.

Samsetning kostnaðar

Stakur kostnaður við inn- eða útgöngu		Árleg áhrif kostnaðar ef þú selur eftir 5 ár
Inngöngukostnaður	Við innheimtum ekki inngöngukostnað.	0%
Útgöngukostnaður	Við innheimtum ekki útgöngukostnað.	0%
Viðvarandi kostnaður sannreynður hvert ár		
Stjórnunargjöld og annar stjórnarsýslueða rekstrarkostnaður	Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir að stýra fjárfestingum þínum. 0,44% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun sem byggir á raunkostnaði á sl. 3 árum.	0,44%
Viðskiptakostnaður	0,05% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun um kostnaðinn sem stofnað er til þegar við kaupum og seljum undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina. Raunfjárhæðin er breytileg eftir því hversu mikið við kaupum og seljum.	0,05%
Aukakostnaður við sérstök skilyrði		
Árangurstengdar þóknarir	Ekkert árangursgjald er fyrir þessa afurð	0%

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Ráðlagður fjárfestingartími: 5 ár

Ráðlagður fjárfestingartími er valinn með það fyrir augum að vera nógu langur til að jafna út ávöxtunarsveiflur yfir tíma.

Sparnaðurinn er bundinn þar til ákveðin skilyrði eru uppfyllt. Réttihöfum í séreignardeild er heimilt að hefja útborgun séreignarsparnaðar við 60 ára aldur, þó ekki fyrr en tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til deildarinnar. Þá er heimilt að hefja útborgun komi til örorku réttihafa á eigi skemmri tíma en 7 árum eða á þeim tíma sem réttihafa vantar upp á 60 ára aldur. Við andlát réttihafa erfist innstæðan.

Réttihöfum í tilgreindri séreignardeild er heimilt að hefja útborgun séreignarsparnaðar við 62 ára aldur og skulu greiðslur þá dreifast að lágmarki á þann tíma sem hann á eftir fram að 67 ára aldri. Þá er heimilt að hefja útborgun komi til örorku réttihafa á eigi skemmri tíma en 7 árum. Við andlát réttihafa erfist innstæðan.

Þrátt fyrir að sparnaðurinn sé bundinn skilyrðum hvað varðar útgreiðslu er heimilt að skipta um fjárfestingarleiðir hjá Gildi eða færa sparnaðinn til annars aðila sem heimilt er að ávaxta slíkan sparnað án þess að sérstakur kostnaður sé tekinn fyrir það af hálfu Gildis.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að leggja inn kvörtun vegna sjóðsins, framkomu starfsmanna Gildis lífeyrissjóðs eða ráðgjafa/söluaðila sjóðsins á netfangið gildi@gildi.is, í síma 5154700 eða með pósti á Gildi lífeyrissjóð, Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík.

Aðrar viðeigandi upplýsingar

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar, m.a. um séreignarsparnað, samþykktir sjóðsins, fjárfestingarstefnu og ársreikninga á heimasíðu Gildis lífeyrissjóðs, www.gildi.is.